

## FUNDARGERÐ

271. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 29. maí 2024 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennir Ingvar Smári Birgisson, Aron Ólafsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Rósa Kristinsdóttir, Mörður Áslaugarson og Viðar Eggertsson, sem kom inn sem varamaður Margrétar Tryggvadóttur. Silja Dögg Gunnarsdóttir, Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Þráinn Óskarsson sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir

Fundargerðir nr. 270 var lögð fram og samþykkt.

### 2. Kynning sviða. Framkvæmdastjóri RÚV sölu ehf.

Einar Logi Vignisson framkvæmdarstjóri kynnti starfsemi RÚV sölu ehf.

### 3. Fjármál

Fjármálastjóri kynnti uppgjör fyrir aprílmánuð. Afkoman í apríl var betri en áætlun gerði ráð fyrir en samantekið sé afkoman janúar-apríl nokkurn veginn í takt við uppfærða áætlun. Sú afkoma er þó neikvæð um nálægt 190 m.kr. fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins.

Jafnframt var farið yfir framvindu og mat á sjóðstreymisáætlun 2024. Sjóðstaða íárslok 2023 var lakari en undanfarin ár og hafi verið erfið sl. vikur. Á hinn bóginn að gangi áætlanir og ráðstafanir eftir og mun sjóðstaðan ná jafnvægi þegar líður á síðari hluta ársins.

Í lok febrúar var unnið mat á ráðstöfunum til að bæta rekstrarrafkomu og sjóðstöðu RÚV á yfirstandandi ári. Á þeim tíma var talið að umfang ráðstafana gagnvart rekstrarrafkomunni þyfti að vera í kringum 280-290 m.kr. Í kjölfarið var farið í vinnu við að endurmeta forsendur rekstrararáætlunarinnar og grípa til ráðstafana til að bæta afkomuna. Farið var í endurmat á ýmsum tekju- og útgjaldaforsendum og dregið úr endurráðningum þar sem hægt var s.s. þegar starfsmenn hafa látið af störfum. Því til viðbótar eru í vinnslu almennar hagræðingaraðgerðir s.s. samdrætti í öðrum rekstrarútgjöldum og frekari fækkan starfsfólks og sé sú vinna áfram í gangi.

Stjórnarmaður óskaði eftir upplýsingum um sundurliðun á rekstri tæknisviðs, þ.e. í rekstur hugbúnaðarþróunar, dreifikerfi, upplýsingatækni o.frv.

### 4. Minnispunktar útvarsstjóra

Útvarsstjóri gerði grein fyrir væntanlegum breytingum á fyrirkomulagi hljóðvarps- og sjónvarpsútsendinga til sjófarenda síðar á árinu. Útsendingum RÚV hefur undanfarin ár verið dreift um gervihnött til sjófarenda að frumkvæði stjórnvalda og á grunni sérstakrar fjármögnunar, þar sem slík dreifing er hvorki skilgreind sem verkefni RÚV í lögum eða þjónustusamningi. Fjárveiting vegna þessa fell niður í hagræðingaraðgerðum fyrir nokkrum árum, en ekki hafi verið unnt að segja upp þessum hluta dreifingarsamningsins fyrr en nú. Örtækniprórun undanfarinna ára hafi bætt við mörgum leiðum til dreifingar á efni RÚV til sjófarenda, og þá ekki einungis í línulegri útsendingu eins og við á um útsendingu um gervihnött. Sérstök skýrsla var unnin um þetta þar sem kannað var hjá öllum helstu útgerðaraðilum hver staðan væri auk þess sem önnur dreifing á efni RÚV var kortlögð, þar á meðal í gegnum IPTV kerfi, í gegnum internetnið, farsímakerfi og UHF kerfi. Í ljósi alls þessa verði þessari dreifingu hætt síðar í sumar.

SÖTTI

þó UU  
DÁZ  
1513

Útvarpsstjóri upplýsti um að skrifað hefði verið undir nýjan samning milli RÚV og FÍH um gjaldskrá og önnur atriði vegna hljóðritana eða beinna útsendinga á tónlist og flutnings tónlistar í útværpi og sjónvarpi. Samningurinn leysi af hólmi eldri samning um sama efni.

Útvarpsstjóri fór yfir afrakstur af vinnu við þróun og innleiðingu sjálfsnámslausnarinnar RÚV LingvisPlay, sem aðstoði innflyttjendur á öllum aldri við að læra íslensku með því að nota innlent efni RÚV. Verkefnið sé unnið í samvinnu við þrjú ráðuneyti og markmiðið sé að stuðla að inngildingu fólks með því að tryggja aðgang að stafrænni tungumálabjálfun af viðurkenndum gæðum, byggðu á efni úr miðlum RÚV og auka um leið aðgengi innflyttjenda að íslensku samfélagi og lýðræðislegri umræðu. Þetta verði nánar kynnt opinberlega á næstunni en prófanir séu í fullum gangi.

Útvarpsstjóri fór yfir þáttöku RÚV í úrslitum Eurovision söngvakeppninnar sem haldinn var í Malmö í Svíþjóð fyrr í mánuðinum. Keppnin var um margt frábrugðin fyrri keppnum vegna þeirrar spennu sem fylgdi þáttöku Ísraels í keppninni. EBU hafi nú ýmis atriði til skoðunar í tengslum við framkvæmd keppninnar og norrænir útvarpsstjórar hafa stillt saman strengi vegna þeirrar vinnu. Margvísleg gagnrýni hafi komið fram á framkvæmd keppninnar af hálfu EBU og verði þeiri gagnrýni komið á framfæri við EBU eins og áður hafi verið gert. Stjórnin óskaði eftir því að vera upplýst um það ef formlegt erindi færi frá norrænu stöðvunum til EBU vegna þessa.

Útvarpsstjóri upplýsti stjórnina um þróun á skipulagi öryggismála hjá RÚV, í kjölfar árangursríkra ISO-vottunar vegna upplýsingaöryggis. Breytingar hafa verið gerðar á staðsetningu og ábyrgð einstakra þátta t.d. varðandi öryggi húsnaðis og verkefni gæða- og öryggisstjóra voru sameinuð, en það var einnig liður í þeiri hagræðingarvinnu sem nú sé í gangi. Haldið verði áfram þessari vinnu og yfirferð yfir öryggis- og viðbragðsáætlanir þar sem horft verði til m.a. samræmingar og einföldunar. Þá upplýsti útvarpsstjóri stjórn einnig um þá vinnu sem hafi verið í gangi við aðlögun skipulags og skipurits RÚV að nýrri stefnu og þeim áherslum sem þar sé að finna. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á liðnum mánuðum í takti við áherslur nýrrar stefnu sem og í hagræðingarskyni og fleira sé til skoðunar sem snýr að staðsetningu einstakra verkefna, tilfærslu eininga o.fl. Áfram verði unnið að þessu verkefni í samráði við hlutaðeigandi og stefnt að því að kynna stjórn tillögur að nýju skipuriti næsta haust.

Útvarpsstjóri fór yfir þá fjölbreyttu umfjöllun sem hafi verið í öllum miðlum RÚV vegna komandi forsetakosninga, en sú umfjöllun nái hámarki á næstu dögum og með kosningasjónvarpi nk. laugardag. Erindi barst útvarpsstjóra og stjórn vegna fyrirkomulags seinni kappræðna, sem til standað skipta upp í two hópa eftir stöðu einstakra frambjóðenda í skoðanakönnunum. Erindi frambjóðendanna verði svarað af hálfu útvarpsstjóra.

Útvarpsstjóri kynnti drög að reglum og viðmiðum um notkun gervigreindar hjá RÚV, en hópur innan RÚV hafi unnið að þessum drögum um nokkurt skeið og haft þar m.a. til fyrirmynnar sambærilegar reglur og viðmið hjá norrænum almannabjónustumíðum.

Þá gerði útvarpsstjórigrein fyrir niðurstöðu Landsréttarísvonefndu Brúneggjamáli, en RÚV var sýknað af öllum kröfum stefnenda líkt og í domi heraðssóoms. Á þessum tímapunkti liggi ekki fyrir hvort áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar verður veitt, en verið eftir slíku af hálfu stefnenda og MAST, sem dæmt var skaðabótaskyld í landsrétti. Að lokum fór útvarpsstjóri yfir hápunkta dagskrár í öllum miðlum næsta sumar og kynnti þar á meðal fjórar leiknar sjónvarpsseríur sem nú eru í framleiðslu fyrir RÚV og verða sýndar á þessu og næsta ári.

## 5. Önnur mál

Stjórnarmaður óskaði eftir upplýsingum um eignarhlutfall RÚV í framleiddum leiknum þáttaröðum þ.e.as. miðað við greiðslu RÚV í viðkomandi verkefnum og var Húsó tekið sem dæmi.

SEJ MT

þjó. DÁZ  
1912

ISB vakti máls á opinberri umfjöllun um mál sem tengist fréttaskýringabættinum Kveik og tilgreindum starfsmanni þar. ISB telur málið hafa valdið RÚV álitshnekki og lagði áherslu á að endurskoða og bæta innri ferla til að koma í veg fyrir að sambærileg mál endurtaki sig. Útvarpsstjóri gerði grein fyrir því sem áður hafði komið fram opinberlega að sú umfjöllun sem um var að ræða hefði ekki verið tilbúin fyrir lokaþátt Kveiks í vor, en hefði verið birt þegar vinnslu umfjöllunarinnar var lokið í Kastljósi. Farið yrði yfir önnur atriði sem þessu máli tengdust eftir því sem þörf krefðist.

Fundi slitið.

Ingvor Bráni Þorgríðsson  
DKR  
þráing Óskarsen  
CIR  
séð Thyrøf Tenggvaðcthí